

Innkaupareglur Húnaþings vestra

1.gr.

Tilgangur.

Reglur þessar eru settar til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum Húnaþings vestra og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Húnaþing vestra kaupir. Ennfremur skulu reglurnar stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða og líftíma vöru við innkaup.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að Húnaþing vestra hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnýsla á sviðið innkaupa sé vönduð.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanleika í framkvæmd, gagnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup.

2.gr.

Gildissvið og ábyrgð

Reglur þessar gilda fyrir allar stofnanir, deildir og fyrirtæki sem rekin eru á vegum Húnaþings vestra. Hver forstöðumaður ber ábyrgð á að innkaup á hans vegum séu í samræmi við innkaupareglur Húnaþings vestra og lög og reglur sem málið varðar.

3.gr.

Hugtakið innkaup

Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

4.gr.

Innkaupaaðferðir

Við innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum, sbr. 7. gr. er skylt að viðhafa útboð.

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum, sbr. 1 mgr. skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra seljenda.

5.gr.

Umsjón innkaupa

Umsjón með innkaupum er á hendi viðkomandi forstöðumanns stofnunar. Forstöðumenn skulu leitast við að kaupa vöru og þjónustu í Húnaþingi vestra enda sé varan eða þjónustan sambærileg að gæðum og verði og það sem boðið er annars staðar.

Forstöðumaður Tækni- og umhverfiseildar hefur umsjón með innkaupum sem undir starfsemi hans fellur í samræmi við reglur þessar. Hann hefur einnig umsjón með samræmingu innkaupa í allri starfsemi sveitarfélagsins, tryggir eins og kostur er að vinna við auglýsingar, kynningu, innkaup og samningagerð séu samræmd og veitir forstöðumaður stofnana nauðsynlega aðstoða vegna innkaupa þeirra.

6.gr.

Áætlun fjárhæða innkaupa/samninga

Við mat á ætlaðri fjárhæð samnings skal telja með allan kostnað innkaupa miðað við þann tíma þegar auglýsing um innkaupin birtist. Sé fyrirhugað að kaupa vöru, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga sem boðið er út.

7. gr.

Hvenær útboð skal viðhaft

Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup.

Þegar áætluð samningsfjárhæð verklegrar framkvæmdar er yfir 4,0 mkr. skal útboð viðhaft. Ef áætluð fjárhæð kaupa á vöru- eða þjónustu fer yfir 2,0 mkr. skal sömuleiðis viðhafa útboð. Tölur eru með virðisaukaskatti.

8.gr.

Opið útboð

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað, skal almennt viðhafa opið útboð.

9.gr.

Lokað útboð

Þegar opnu útboði verður ekki við komið, það þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að viðhafa lokað útboð. Almennt skal lokað útboð ekki viðhaft nema að undangengu forvali. Þegar lokað útboð er viðhaft skal leitast við að ná fram raunhæfri samkeppni.

Þegar um er að ræða vandasöm, faglega og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk skal tryggja eins og kostur er að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk.

10. gr.

Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, samkeppni eða samningskaupum, skal þess krafist í forvalsgögnum að umsækjendur leggi fram upplýsingar

sem sýna getu þeirra til að taka að sér verkefnið. Þannig skal í forvalsgögnum koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig verði staðið að vali á þátttakendum. Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í útboði, samkeppni eða sammingskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt.

11. gr.

Lokað útboð án forvals

Viðhafa má lokað útboð meðal valdra bjóðenda, án forvals, enda liggi málefnalegar og gildar ástæður því að baki.

12. gr.

Auglýsing útboða

Útboð skal auglýsa á vefsetri Húnaþings vestra og í héraðsfréttablaði. Í auglýsingu skal koma fram hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar, hver kaupandi er, hvað boðið er út, hver frestur er til að skila tilboði og skilátími þess sem verið er að bjóða út.

Við lokað útboð skal senda orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

13.gr.

Útboðsgögn

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

Í útboðsgögnum skal skýrt koma fram hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar vali á sammingsaðila.

14.gr.

Undanþága frá útboði

Heimilt er að veita undanþágu frá útboði ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður fæst eingöngu hjá einum aðila eða um mjög sérhæfða þjónustu er að ræða.

Heimilt er byggðarráði Húnaþings vestra að veita undanþágu frá útboði.

15.gr.

Meðferð reikninga vegna innkaupa

Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun. Almennu skulu reikningar sendir kaupanda til greiðslu, en heimilt er að semja um að annar háttur skuli hafður á.

16.gr.

Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætíð skal taka því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, lög og reglur. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti.

Ef meta skal tilboð á grundvelli fleiri forsendna en verðs skal tiltekið hverjar þær forsendur eru í útboði og þeim raðað eftir mikilvægi.

17.gr.

Fjárhagsstaða bjóðanda/viðsemjenda

Áður en samningur er gerður við bjóðanda/viðsemjanda skal leggja mat á hvort farið verði fram á að neðangreindar upplýsingar liggi fyrir.

1. Hvort bjóðandi/viðsemjandi sæti nauðasamningum eða er undir gjaldprotaskiptum.
2. Hvort bjóðandi/viðsemjandi er í vanskilum með opinber gjöld.
3. Hvort bjóðandi/viðsemjandi er í vanskilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld eða iðgjöld til lífeyrissjóðs og stéttarféлага vegna starfsmanna sinna, þ.m.t. stéttarfélagsgjald og sjúkra- og orlofssjóðsgjald.

18.gr.

Upplýsingar um útboð og ákvörðunarvald um val á samningsaðilum

Áform forstöðumanns um útboð skal leggja fyrir byggðaráð ásamt útboðslýsingu til samþykktar. Til að samræmingar sé gætt skal forstöðumaður tækni- og umhverfiseildar yfirfara útboðsgögn áður en útboð er auglýst.

Vegna útboðs, sbr. 7. gr., skal byggðaráð taka ákvörðun um val á tilboði að fenginni tillögu frá forstöðumanni ásamt rökstuðningi.

19.gr.

Kæru- og endurupptökuheimild

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup nr. 94/2001, sbr. 10. gr. og IX. kafla laganna, er aðila heimilt að kæra til kærunefndar útboðsmála. Kæra skal berast nefndinni skriflega innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, er hann telur brjóta gegn réttindum sínum, sbr. 1. mgr. 78. gr. laga 94/2001.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétt sinn hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála Húnaþings vestra sé ábótavant, er aðila heimilt að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina skriflega til byggðarráðs, innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

20. gr.

Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður Húnaþings vestra eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má eiga aðild að ákvörðunum um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans sbr. hæfisreglur í stjórnarsýslulögum og í samþykktum um stjórn Húnaþings vestra.

Starfsmönnum Húnaþings vestra og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir sem tengjast viðskiptum við Húnaþing vestra nema með samþykki sveitarstjóra.

21. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn sem koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- og almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls.

22.gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 2007

Samþykkt á 135. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra.